



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2020

R19110404

6650

Borgarráð

Tilnefning tveggja fulltrúa í starfshóp vegna rannsókna á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni

Hjálagt bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2020, þar sem óskað er eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í starfshóp sem hefur það hlutverk að leiða fyrri áfanga rannsókna á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni, er lagt fram til kynningar. Ólöf Örvarsdóttir og Þorsteinn Rúnar Hermannsson hafa verið tilnefnd í hópinn fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 21. febrúar 2020



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími:5458200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 21. febrúar 2020
Tilv.: SRN20020073/3.3

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir tilnefningu tveggja fulltrúa í starfshóp sem hefur það hlutverk að leiða fyrri áfanga rannsókna á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Þessi vinna skal unnin með það að markmiði að fullkanna kosti á því að reisa og reka þar flugvöll til að gegna hlutverki varaflugvallar, innanlandsflugvallar og flugvallar fyrir æfinga-, kennslu- og einkaflug.

Verkefnið byggir á samkomulagi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, f.h. íslenska ríkisins, og Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2019, um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni, og felur í sér fyrri hluta þess verks sem samkomulagið kveður á um, sbr. 2. mgr. 2. gr. þess.

Starfshópurinn skal skila aðilum skýrslu sinni um niðurstöður rannsókna skv. 2. mgr. 2. gr. samkomulagsins fyrir lok árs 2021.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í starfshópinn og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Óskað er eftir að tilnefningarnar berist ekki seinna en 2. mars. Vinsamlega látið kennitölu, heimilisfang og netfang fylgja með.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Kristín Sandra Karlsdóttir

